

## **Niðurstöður viðhorfskönnunar eldri nemenda í Borgarholtsskóla í október 2010**

Könnunin var opin síðustu tvær vikurnar í október 2010.

### **Upplýsingar um þá sem svöruðu: ELDRI NEMENDUR**

Fjöldi: 109 nemendur

Svarhlutfall: 55%.

- 62 strákar og 45 stelpur.
- Flestir eru á bilinu 18 og 20 ára (72%) – 20% eða fimmtungur eru 21 árs eða eldri.
- 36% eru á stúdentsprófsbrautum — 19% á lista og fjölmiðlasviði, - 8% á málm- og véltæknisviði, - 24% í biliðngreinum og 12% á verslunar- og félagsliðabraut.
- Flestir nemendur búa í Reykjavík (60%) og þar af 41% í Grafarvogi. 12% koma utan af landi.
- 77% eldri nema búa í heimahúsi hjá foreldri/foreldrum en 16% búa í leiguíbúð.
- Tæplega helmingur (47%) eldri nema hefur stundað nám í öðrum framhaldsskólum.
- 70% þeirra nemenda sem svöruðu eru á 3. eða 4. námsári í framhaldsskóla. 22% eru á 5. ári.

### **Helstu niðurstöður varðandi viðhorf og líðan í skólanum í október 2010**

**\*Þar sem ekkert er tekið fram um fyrra ár er niðurstaðan svipuð.**

- 76% nemenda eru **ánægð með skólann** og mjög mörgum (80%) finnst **kennarar skólans almennt vera sanngjarnir og jákvæðir**. Í fyrra voru 87% ánægð með skólann.
- 70% finnst þau hafa greiðan aðgang að **umsjónakennaranum** sínum. 8% finnst þau ekki hafa greiðan aðgang en árið 2009 var hlutfall þeirra 11%. Þetta er ekki stór munur milli ára en er samt kannski vísbending um að við höfum bætt okkur lítillega.
- 65% eldri nemenda finnst vera góður **vinnuandi/-friður** í kennslustofum sem er minna en í fyrra þar sem 70% fannst það.
- Stórum hópi (82%) **líður vel** í skólanum en 9% líður ekki alveg nógu vel. Í fyrra leið einungis 2% ekki nógu vel.
- 6% nemenda verða varar við **einelti** og 4% finnst þau vera lögð í einelti.
- Þegar kemur að **mætingakerfi** skólans eru skiptar skoðanir. 44% finnst mætingakerfið gott, 30% virðast ekki hafa afgerandi skoðun og 25% finnst það ekki gott. Fleiri voru ánægðir í fyrra eða 50%. Við höfum ekki gert neinar breytingar aðrar en að færa kennslu aftar á föstudögum. Spurning er hvor nemendur tengja þá breytingu við mætingakerfið.
- 70% nemenda segjast stefna að því að halda áfram **námi eftir framhaldsskóla** en 13% stefna ekki að því. Þegar spurt er hvort nemendum finnst mikilvægt að halda áfram í námi eftir

framhaldsskóla svara 60% játandi, 41% með hvorki/né en 7% finnst ekki mikilvægt að halda áfram í námi.

- 67% eldri nema finnst að skólinn leggi áherslu á **góðan námsárangur**.
- 62% **taka ekki virkan þátt í félagslífi** á vegum nemendafélagsins og einungis 16% taka virkan þátt. Mjög svipaðar tölur voru í fyrra en við höfum séð betri tölur í könnunum, t.d. frá árinu 2007. 59% nemenda finnst félagsandinn vera góður, þar af eru einungis 9% sem finnst andinn vera mjög góður. Það er því miður ekkert í tölunum sem bendir til þess að félagsandinn meðal nemenda hafi batnað síðan í fyrra. Her virðast vera þörf á aðgerðum.
- Einungis 53% nemenda segjast hafa jákvætt **viðhorf til skólans** en 11% hafa beinlínis neikvætt viðhorf. Í fyrra höfðu 66% jákvætt viðhorf og 5% neikvætt. Af hverju ætli þessi breyting sé?
- **Samskipti nemenda og kennara** ganga ekki eins vel og í fyrra. 72% finnst að samskiptin séu góð en 2009 voru það 82%. 6% finnst samskipti kennara og nemenda ekki góð.
- Rúmlega helmingi (55%) nemenda finnst þeir fá **hrós** þegar þeir gera eitthvað gott í skólanum. Góður hópur (30%) svarar með hvorki/né sem gæti bent til þess að stundum fái þeir hrós og stundum ekki. 15% upplifa ekki að vera hrósað.
- 14% nemenda finnst þeir ekki geta fengið **námsaðstoð** í skólanum þegar þeir þurfa á henni að halda og 8% segjast ekki geta fengið **ráðgjöf og stuðning** í skólanum þegar þeir þurfa á því að halda. Er það ásættanlegt? 66% segjast geta fengið ráðgjöf og 67% segjast geta fengið aðstoð.
- 66% eru ánægð með þjónustu **bókasafnsins** en 6% eru það ekki.
- 75% eru ánægðir með **netþjónustuna**. Í fyrra voru það 80%. 9% eru ekki ánægð sem eru aðeins fleiri en í fyrra.
- Stór hópur nemenda (36%) er **ekki ánægður með mötuneyti** skólans. Margar athugasemdir voru gerðar um þetta mál og ástæða er til að kanna það betur. Mörgum finnst maturinn greinilega of dýr og of óhollur. Einungis 35% finnst mötuneytið vera gott.
- Nemendur eru mjög ánægðir (89%) með **þrif** á skólanum en aðeins 48% finnst umgengni nemenda vera til fyrirmyndar. Er þá ekki hægt að fá þá til að ganga betur um?
- 60% finnst þjónusta **umsjónarmanna** skólans vera góð en 9% finnst það ekki.
- 77% telja að **aðstaða til náms** í skólanum sé góð.
- Skoðanir nemenda á því hvort viðeigandi sé að nemendur **reyki við skólann** eru mismunandi. 33% finnst það allt í lagi en 35% finnst það óviðeigandi.
- Heilum 69% finnst **áfengisneysla viðeigandi** á skemmtunum skólans. Einungis 8% finnst hún ekki viðeigandi. Hvaðan hafa þau fyrirmyndina?

- 20% nemenda hafa hugsað um **að hætta í skólanum** en árið 2009 var hlutfall þeirra 14%. Þetta vekur spurningar um af hverju þar sem við vitum hversu erfitt er að fá vinnu. Hvað eru nemendur að spá? Hvað veldur því að þeir vilja hætta? Mjög umhugsunarvert.
- Rúmlega fjórðungur nemenda (29%) finnur fyrir **kvíða** án þess að vita hvers vegna.
- Færri (39%) hafa nú **áhyggjur af fjármálum** sínum en 2009 var hlutfallið 51%.
- Fjórðungi nemenda finnst **vinna** þeirra bitna á náminu en 46% finnst það ekki.
- Eins og í fyrra kemur töluverð óánægja (39%) fram hjá eldri nemum með þjónustu **skrifstofunnar**. Þess vegna var ákveðið að kanna ástandið nánar til að sjá hvað má laga. 41% eru **óánægðir með viðmót** starfsfólks á skrifstofu. Það virðist auðvelt fyrir 38% nemendanna að ná símasambandi við skrifstofu en 44% hafa ekki skoðun á því. 17% finnst erfitt að ná sambandi símleiðis. 41% nemenda finnst að þau mál sem þeir koma með á skrifstofuna séu leyst en 21% finnst það ekki.
- Ljóst er að flestir nemendur (53%) eru óánægðir með **að vera til 14:50 í skólanum á föstudögum**. Þeir koma með ýmis rök máli sínu til stuðnings eins og sést í töflunni hér á eftir. 28% nemenda í úrtakinu eru ánægðir en rök þeirra eru ekki eins fjölbreytileg og þeirra sem eru óánægðir. Helstu rökin eru hversu gott það er að fá að sofa lengur á föstudögum. 19% er alveg sama.

**Það sem skiptir nemendum mestu máli í skólanum:**

1. Góður árangur (71 nemandi)
2. Félagar og vinir (69 nemendur)
3. Samskipti við kennara (54 nemendur)

**Það sem nemendum finnst jákvæðast við skólann: (Reitur til að skrifa athugasemdir í)**

- Hér koma margar jákvæðar athugasemdir um kennara, hversu góðir, jákvæðir og skilningsríkir þeir eru, gott að umgangast þá o.fl.
- Nemendur minnst líka á hreinleika skólans.

**Það sem nemendum finnst neikvæðast við skólann: (Reitur til að skrifa athugasemdir í)**

- Hér kemur ýmisleg fram, m.a. um þessa ómögulegu kennara sem starfa við skólann... Hér eru lýsingaorðin ekki spöruð.
- Hjá mörgum kemur fram óánægja með hversu hátt verð er á matnum í mötuneytinu.
- Sumir vilja fá að vera á útiskóm en öðrum finnst pirrandi að sumir gangi inn á útiskóm.
- Mætingakerfið er nefnt.

**Annað sem nemendur vilja koma á framfæri: (Reitur til að skrifa athugasemdir í)**

- Ömurlegt að sitja á gólfinu á göngunum: **Má ekki koma fyrir bekkjum?**
- Fleiri sofur til að slaka á í.
- Viðmót á skrifstofu ekki gott

**Mjög jákvætt viðhorf til:**

- Kennara sem eru sanngjarnir og jákvæðir
- Ræstingarfólksins

**Áhyggjuefni:**

- 20% hafa hugsað um að hætta í skólanum. Á þessum tíma! Af hverju?
- Viðhorf til skólans. 53% eru jákvæð – er það nóg?
- Áhyggjur nemenda vegna fjármála (39%)
- Kviði nemenda (29%)
- Vinna nemenda bitnar á námsárangri þeirra (24%)
- Félagslífið – litil þátttaka
- Viðhorf til áfengisneyslu????

**Tilfni til umbóta:**

- **Þjónusta á skrifstofunni.**
- **Mötuneytið** – margar athugasemdir í reitnum fyrir „það sem er neikvæðast við skólann“. 36% eru óánægð en 35% finnst mötuneytið vera gott.

**Samantekt helstu ástæða sem nemendur gefa fyrir svári sínu við spurningum 40 og 41 um breyttan kennslutíma á föstudögum:**

40. Hversu ánægður eða óánægður ertu með að kennsla á föstudögum sé frá kl 9:50 – 14:50 í stað 8:10 – 12:40?

41. Hvað veldur sérstakri ánægju eða óánægju þinni varðandi kennslutímamann á föstudögum?

Mjög ánægð/ánægð 12+9= <b>21 (28%)</b>	Hvorki/né <b>31 (19%)</b>	Mjög óánægð/óánægð 13+47= <b>60 (53%)</b>
Þægilegt að geta sofið lengur / sofið út.	Vil gjarna vera í frí kl. 8 en ekki vera búinn kl. 14:50. Næs að fá að sofa lengur en bömmur að þurfa að vera lengur í skólanum...	Vil ekki bíða. Búinn fyrr. Bý úti á landi og vil komast heim. Ákveðin stemmning þegar allir voru búnir á sama tíma. Eykur fimmtudagsfyllerí. Skóladagurinn lengist. Geta ekki farið saman í íþróttir á föstudögum. Eyðileggur íþróttir á föstudögum. Réttur á matartíma (v/umsjónar). Umsjón á föstudögum hentar illa. Auðvelt að sofa yfir sig í umsjón. Nota daginn e.h. Kemst seinna heim. Missi tekjur (v/vinnu). Þarf að vinna um helgar. Hentar illa v/vinnu. Það er svo ljúft að vera búinn 12:40☺ Nýta daginn, ekki sofa ...

